

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 16. mars 2000

Fundargerð

Á fundinum voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Jóns Kalmansson og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Tekið fyrir bréf frá Allsherjarnefnd Alþingis þar sem Siðfræðistofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákveðið að Jón Kalmansson og Salvör Nordal semji umsögn um frumvarpið.
3. Lagt fram bréf frá Þýðingarsjóði þar sem Siðfræðistofnun er veittur styrkur að fjárhæð kr. 200.000 til þýðingar á *Teologisk Etik*.
4. Gerð grein fyrir fundi Vilhjálms Árnasonar og Björns Björnssonar með rektor. Fram kom að rektor hafi gefið vilyrði fyrir því að stofnunin fengi úthlutað úr Háskólasjóði kr. 1.950.000 fyrir árið 1999 og sömu upphæð fyrir árið 2000.
5. Rætt um fundaröðina í Skálholti.
6. Önnur mál.
 - a. Samþykkt að ráð Salvöru Nordal í 100% stöðu í mars, 75% stöðu í apríl og 50% stöðu eftir það til áramóta. Sé þá uppgerð um það bil þriggja vikna vinna sem Salvör hafði áður unnið fyrir stofnunina.
 - b. Ákveðið að tilnefna Salvöru Nordal í tilraunadýranefnd.
 - c. Ákveðið að bregðast við erindi Vísindasiðanefndar um umsögn vegna eyðublaða sem nefndin notar.